



220. fundur Skólanefndar FS

9. september 1997

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Jón Ingi Baldvinsson,
Stefanía Ólafsdóttir, Ingimundur Guðnason,
Guðbjörg Ingimundardóttir, áheyrnarfulltrúarnir
Þorvaldur Örn Árnason og Brynja Magnúsdóttir og
Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Kosning formanns og varaformanns skólanefndar FS.
 2. Upphaf haustannar, nemendafjöldi, kennslumagn.
 3. Staða samninga vegna 3ja ára áætlunar.
 4. Önnur mál.

1. Kosning formanns og varaformanns skólanefndar FS.

Formaður og varformaður skólanefndar kosnir. Stungið upp á Kristbirni Albertssyni sem formanni og Jóni Inga Baldvinssyni sem varaformanni. Samþykkt samhljóða.

2. Upphaf haustannar, nemendafjöldi, kennslumagn.

Skólameistari sagði frá upphafi haustannar, fjölda nemenda, kennslumagni, nýjum kjarasamningum, fjárhagsstöðu o.fl. Við upphaf annar voru 770 nemendur skráðir í dagskóla og 245 í öldungadeild en þeim hefur fjölgað nokkuð síðan.

3. Staða samninga vegna 3ja ára áætlunar.

Skólameistari sagði frá stöðu mála vegna 3ja ára samnings.

4. Önnur mál.

- a) Spurt um busavígslu. Skólameistari og Brynja formaður nemendafélagsins skýrðu frá henni og töldu að hún hefði tekist vel.
- b) Þorvaldur Örn óskaði eftir því að skólanefnd ræði um vinnuðstöðu kennara í skólanum. Formaður skýrði frá því að umræða um vinnuðstöðu hefur farið fram í tengslum við umræðu um stækkun skólahúsnæðisins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Nemendur í FS haustið 1997

Á haustönn eru nemendur í FS skráðir 1015 alls (miðað við 8. september). Þar af eru 770 í dagskóla og 245 í öldungadeild. Rétt er að geta þess að margir nemendur stunda nám bæði í dagskóla og öldungadeild og getur því stundum verið erfitt að segja beint til um það hvort tiltekinn nemi er frekar dagskólanemi eða öldungur. Hér er miðað við það (alla vega í flestum tilvikum) að nemi sé talinn dagskólanemi ef hann er með meira en helming allra áfanga sinna í dagskóla. Innritaðir í dagskóla voru 138 karlar og 110 konur (248 alls) og er þetta í fyrsta sinn um allnokkurt skeið sem karlar eru fleiri en konur í hópi nýnema.

Fjöldi nemenda eftir byggðarlögum og dagskóla/kvöldskóla:

Staður	dagskóli	kvöldskóli
Garður	45	20
Grindavík	75	21
Hafnir	4	0
Keflavík	404	149
Njarðvík	140	41
Sandgerði	64	11
Vogar	32	3
Annað	6	0
Samtals	770	245

Skipting eftir kynjum er sem hér segir:

	Karlar	Konur	Alls
Dagskóli	369	401	770
Kvöldskóli	82	163	245
Alls	451	564	1015

Skipting eftir árgöngum:

Fæðingarár	fjöldi
1982	1
1981	217
1980	181
1979	132
1978	100
1977	69
1976	28
eldri	287*

*) flest öldungar